



Íbúðir til sölu



Nýbygging við Sléttuveg 29-31.

Í húsunum verða 57 sérhannaðar íbúðir fyrir eldri borgara, tveggja og þriggja herbergja 83-120 m² með rúmgóðu stæði í bílgeymslu, samkomusal, inngangur inn í íbúðir frá víðum og góðum glerjuðum svalagöngum. Íbúð fyrir húsvörð fylgir með. Ferilleiðir innan og utan húss og íbúðar eru hannaðar með hliðsjón af þörfum fatlaðra.

Þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar verður á næstu lóð í samvinnu við DAS með mótuneyti, hjúkrun og heimilisþjónustu.

Áætlað er að skila íbúðunum fullbyggðum í janúar 2011.

Nokkrar íbúðir eru lausar.

Nánari upplýsingar á skrifstofu Samtaka aldraðra, Síðumúla 29, sími 552-6410 og á heimasíðu samtakanna www.aldradir.is.

Aflagrandi 40 (03-03) 2ja herbergja íbúð á 3 hæð

Íbúðin er 69,1m² að stærð. Vínýl-dúkur með parket-áferð er á gólfum í stofu, eldhúsi, svefnherbergi og gangi. Baðherbergið er með innréttingu með innbyggðri handlaug, veggdúk á veggjum, sturta, á gólfi er vínýldúkur og tengi fyrir þvottavél. Tvær geymslur fylgja íbúðinni önnur innan íbúðar sem er með korkflís um á gólfi og hillur ca.9 m². Hin geymslan í kjallara. Svalir eru ekki yfirbyggðar, gólfið málað. Sameiginlegt þvottahús með þvottavél og þurrkara eru á jarðhæð hússins. Húsvörður er í húsinu. Framreiknað verð er kr. 23.116.000 (byggingavísitala 489,6) (1% leggst ofan á kaupverð íbúðarinnar sem kaupandi greiðir til Samtaka aldraðra) Ath. eigendur eru tilbúnir að leigja íbúðina með forkaupsréttar ákvæði ef sá sem leigir vill kaupa síðar. Upplýsingar fást hjá umboðsmanni eiganda íbúðarinnar Njörð í síma 899 9703 og á skrifstofu Samtaka aldraðra.

Aflagrandi 40 (11-05) 2ja herb. íbúð á 11. hæð

Íbúðin er 69,1 m². Geymsla 5,5 m² er innan íbúðar og í kjallara er sérgeymsla. Á stofu, eldhúsi og gangi er plastparket með eikaráferð. Parket þarfnast lagfæringar. Korkflísar á svefnherbergi og geymslu. Vínýldúkur á baði. Eldhúsinnrétting, hurðir hvítar með beykikantlímingu. Beykiborðplötur. Eletrolux eldavél. Innihurðir og fataskápar eru spónlagðir með beyki. Í baðherbergi er innrétting með innbyggðri handlaug. Veggir eru klæddir með veggdúk. Tengi er fyrir þvottavél. Hitastýrð blöndunartæki eru í sturtu. Svalagólfið er flísalagt. Sameiginlegt þvottahús er á jarðhæð með þvottavél og þurrkara. Glæsilegt útsýni er í vestur.

Framreiknað verð er kr. 19.750.000 m. v. byggingarvísutölu í feb. 506,6 stig. Kaupandi greiðir að auki 1% af kaupverði til Samtaka aldraðra. Húsgjald er kr. 15.027 á mánuði.

Aflagrandi 40 (05-02) 2ja herbergja íbúð á 5. hæð

Íbúðin er 69,1 m². Geymsla 3,5 m² er innan íbúðar og í kjallara er sérgeymsla. Á stofu, eldhúsi og gangi er eikarparket sem þarfnast lagfæringar. Korkflísar á herbergjum og geymslu. Vínýldúkur á baði. Eldhúsinnrétting, hurðir hvítar með beykikantlímingu. Borðplötur úr beyki. Eletrolux eldavél. Innihurðir og fataskápar eru spónlagðir með beyki. Í baðherbergi er innrétting með innbyggðri handlaug. Veggir eru klæddir með veggdúk. Tengi er fyrir þvottavél. Sturtuhorn úr áli og plasti. Hitastýrð blöndunartæki eru í sturtu. Svalir eru lokaðar með gleri í álprófilum. Gólfið er flísalagt. Sameiginlegt þvottahús er á jarðhæð með þvottavél og þurrkara. Glæsilegt útsýni er í austur og suður. Framreiknað verð er kr. 20.320.000 m.v. byggingarvísutölu í feb. 506,6 stig. Kaupandi greiðir að auki 1% af kaupverði til Samtaka aldraðra. Húsgjald er kr. 15.027 á mánuði.

Aflagrandi 40 er 12 hæða hús með 60 íbúðum

Húsið var afhent til eigenda 1989. Tvær lyftur eru í húsinu. Bílskýli er í kjallara hússins með stæði fyrir 43 bíla. Leiga fyrir stæði í skýlinu er um kr. 1.200 fyrir mánuðinn. Sameiginlegur salur er á 11. hæð.

Á jarðhæð hússins er þjónustumiðstöð sem rekin er af Reykjavíkurborg. Húsvörður er í húsinu.

Skrifstofa samtaka aldraðra vill benda félagsmönnum á óseldar endursöluíbúðir. Sjá heimasíðu samtakanna www.aldradir.is





Aflagrandi 40 (04-02) 2ja herbergja íbúð á 4. hæð

Íbúðin er 69,0 m². Birt flatamál. Sérgeymsla 3,5 m² er innan íbúðar. Á stofu og gangi er teppi. Korkflísar á svefnherbergi og geymslu. Öryggisdúkur á baðgólfi. Eldhúsinnrétting, hurðir hvítar með beykikantlímingu. Electrolux eldavél og útsogsvifta frá Raffha. Innihurðir og fataskápar eru spónlagðir með beykispæni. Vinyldúkur er á veggjum í baðherbergi. Innrétting með innbyggðri handlaug. Sturtuhengi. Tengir fyrir þvottavél í baðherbergi. Svölum er lokað með gleri í álprófilum. Gott útsýni. Svalagólfíð er flísalagt. Sameiginlegt þvottahús er á jarðhæð með þvottavél og þurrkara. Framreiknað verð er kr. 20.110.000 m. v. byggingarvísutölu í feb. 501,1 stig. Kaupandi greiðir að auki 1% af kaupverði til Samtaka aldraðra.

Aflagrandi 40 (07-02). 2ja herbergja íbúð á 7. hæð

Íbúðin er 69,0 m². Glæsilegt útsýni í austur og suður. Íbúðin skiptist í stofu-borðstofu, svefnherbergi, eldhús og bað. Sérgeymsla er innan íbúðar og í kjallara er einnig geymsla. Á stofu, svefnherbergi, eldhúsi, gangi og geymslu eru korkflísar. Vinyldúkur á baðherbergi. Eldhúsinnrétting er ljósar með beykikantlímingu. Innihurðir og fataskápar eru spónlagðir með beykispæni. Veggir í baðherbergi eru dúkklagðir að lofti. Sturtuklefi er úr áli og gleri. Svölum er lokað með gleri í álprófilum. Svalagólfíð er flísalagt. Sameiginlegt þvottahús er á jarðhæð með þvottavél og þurrkara. Framreiknað verð er kr. 20.060.000 m. v. byggingarvísutölu í júní 510,1 stig. Húsgjald er um kr 16.000,- á mánuði.

Aflagrandi 40 (10-03) 2ja herbergja íbúð á 10. hæð

Íbúðin er 69,2 m². Sérgeymsla er í kjallara. Bókahorn er inn af gangi. Á stofu, svefnherbergi, bókahorni, eldhúsi og gangi er eikarparket. Parketið lítur vel út. Flísar eru á baðgólfi. Eldhúsinnrétting, hurðir hvítar með beykikantlímingu. Gorenja eldavél með keramí helluborði, AGE útsogsvifta og Simens uppþvottavél. Nýleg tæki. Innihurðir og fataskápar eru spónlagðir með beykispæni. Í baðherbergi er nýleg innrétting með innbyggðri handlaug. Gert er ráð fyrir 50 cm breiðri þvottavél í innréttingu. Veggir eru flísalagðir að lofti. Sturtuklefi úr hertu gleri og hvítu áli. Salerni er upphengt. Baðherbergið var endurnýjað fyrir 8 árum. Svölum er lokað með gleri í álprófilum. Svalagólfíð er flísalagt. Sameiginlegt þvottahús er á jarðhæð með þvottavél og þurrkara. Íbúðin er með glæsilegt útsýni í austur, suður og vestur. Framreiknað verð er kr. 21.230.000 m. v. byggingarvísutölu í júní 510,1 stig.

Dalbraut 20 (01-02) 2ja herbergja íbúð á 1. hæð

Stærð íbúðar er 52,0 m². Eikarparket er á stofu, eldhúsi og gangi, korkflísar á svefnherbergi og geymslu sem er innan íbúðar. Vinyldúkur á baðherbergi, veggir með veggdúk, handlaug innbyggð í borðplötu, sturtuklefi og tengi fyrir þvottavél. Svalir eru með íbúðinni. Önnur geymsla er kjallara hússins. Þvottahús með þvottavél og þurrkara eru í kjallara hússins. Húsgjöld þessarar íbúðar eru kr. 10.000 pr. mánuð. Húsvörður er í húsinu. Framreiknað verð er kr. 19.215.000 (byggingarvísitala 489,6) 1% leggst ofan á kaupverð íbúðarinnar sem kaupandi greiðir til Samtaka aldraðra.

Dalbraut 18-20 er fimm hæða hús með 47 íbúðum. Húsin eru tengd saman á jarðhæð og þar er þjónustusel sem rekið er af Reykjavíkurborg og er innan gengt frá stigahúsum beggja húsanna. Sameiginlegur húsvörður sinnir Dalbraut 18 og 20.

Sléttuvegur 13 (01-02) 2ja herbergja íbúð á 1. hæð

Íbúðin er 69,6 m². Sérgeymsla, 5,5 m², er á sömu hæð og íbúðin. Á stofu, eldhúsi og gangi er eikarparket. Linoleumdúkur er á svefnherbergi og geymslu. Á baðherbergi er vinyldúkur. Eldhúsinnrétting er ljós með beykikantlímingum. Innihurðir og skápar eru spónlagðir með beyki. Í eldhúsi er keramí helluborð, bakaraofn og vifta af gerðinni Scholtes. Veggir í baðherbergi eru dúkklagðir. Handlaug í baðherbergi er í innréttingu. Svalir er lokaðar að hálfu með gleri álprófilum. Svalagólf var nýlega flísalagt. Sameiginlegt þvottahús með þvottavélum og þurrkara er í kjallara. Framreiknað verð er kr 19.365.000,-. Miðast við byggingarvísutölu í feb. 505,8 stig. Kaupandi greiðir að auki 1% af kaupverði til Samtaka aldraðra. Sameiginlegur húsvörður sinnir Sléttuveg 11og 13. Salur fyrir líkamsrækt er í kjallara. Húsið var afhent til eigenda 1992. Sameiginlegur húsvörður sinnir Sléttuveg 11og 13.

Bólstaðarhlíð 41 (07-03) 2ja herb. íbúð á 7. hæð

Íbúðin er 42,9 m². Á stofu og gangi er teppi. Korkflísar á svefnherbergi og eldhúsi. Vinyldúkur á baði. Eldhúsinnrétting, fataskápar og innihurðir eru spónlagt með ljósum spæni.. Sérgeymsla fylgir íbúðinni, staðsett við lyftu. Sameiginlegt þvottahús er á 1. hæð með þvottavél og þurrkara. Glæsilegt útsýni í suður. Framreiknað verð er kr 15.485.000. Miðast við byggingarvísutölu í júní 510,1 stig. Kaupandi greiðir að auki 1% af kaupverði til Samtaka aldraðra. Bólstaðarhlíð 41 er sjö hæða hús með 32 íbúðum. Húsið er tengt Bólstaðarhlíð 43 sem er þjónustusel á vegum Reykjavíkurborgar. Húsið var afhent til eigenda 1986-1987. Húsgjald er kr 14.245,- á mánuði. Sameiginlegur húsvörður sinnir Bólstaðarhlíð 41 og 45.

Bólstaðarhlíð 45 (01-02) 2ja herb. íbúð á 1. hæð

Íbúðin er 42,9 m². Á stofu, svefnherbergi og eldhúsi er plastparket. Flísar á baðgólfi og við inngangshurð. Eldhúsinnrétting er nýleg, hvítmáluð. Svölunum hafa verið lokað með tvöföldu gleri í plastprófilum. Plastparket á gólfi. Sérgeymsla fylgir íbúðinni, staðsett á sömu hæð. Sameiginlegt þvottahús er á 1. hæð með þvottavél og þurrkara. Framreiknað verð er kr. 18.660.000 m. v. byggingarvísutölu í sept. 505,8 stig. Kaupandi greiðir að auki 1% af kaupverði til Samtaka aldraðra.

Bólstaðarhlíð 45 (05-03) 2ja herbergja íbúð á 5. hæð,

Íbúðin er 42,9 m². Á stofu og eldhúsi er eikarparket. Korkflísar á svefnherbergi. Nýlegur vinyldúkur á baði. Í eldhúsi er nýlegt helluborð og vifta. Sérgeymsla fylgir íbúðinni, staðsett á sömu hæð. Sameiginlegt þvottahús er á 1. hæð með þvottavél og þurrkara. Framreiknað verð er kr. 17.735.000 m.v. byggingarvísutölu í sept. 492,1 stig. Kaupandi greiðir að auki 1% af kaupverði til Samtaka aldraðra.